



Reykjavík, 20. nóvember 2025
SFS25100051

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Staða umsókna um leikskólavistun 19. nóvember 2025

Þann 19. nóvember voru 139 börn 18 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík. Þá eru 361 barn, sem er í vistun í leikskólum í borginni að sækjast eftir flutningi í annan leikskóla. Þar af eru 87 börn í sjálfstætt starfandi leikskólunum nú með virka umsókn í annan leikskóla.

Til samanburðar voru 286 barn með virka vistunarumsókn í þann 3. nóvember fyrir ári síðan og 359 með flutningsumsóknir.

Þegar búið er að bjóða í flest öll lausu plássin sem losna þegar elstu börnin fara upp í grunnskóla að hausti þá bætist hægt og bítandi við biðlistana þangað til kemur að næsta árgangi að fara upp í grunnskóla. Þó kemur fyrir að ný leikskólaúrræði séu opnuð og húsnæði sem hefur verið í viðhaldi er tekið aftur í notkun.

Á neðangreindri mynd má sjá skiptingu barna sem bíða eftir plássi í leikskóla eftir því hvort þau eru að sækja um flutning milli leikskóla, frá borgareknum og sjálfstætt starfandi, eða með almenna vistunarumsókn, brotið niður eftir annars vegar borgarhlutum og hins vegar aldri barnanna.



Reykjavík

Ef horft er til barna sem eru 12 mánaða eða eldri eru 569 börn með vistunarumsókn í borgarrekna eða sjálfstætt starfandi leikskóla.

Biðlistar á leikskóla


Fjöldi 12 mánaða og eldri

Vistunarumsóknir
569

Flutningsumsóknir
425
Par af frá ssl 147


Fjöldi á biðlista eftir borgarhlutum

Fjöldi nýrra umsókna (þar með talin börn sem eru hjá dagforeldri)



Fjöldi á biðlista eftir aldri í árum

Fjöldi nýrra umsókna eftir aldri á biðlista. 12 til 18 mán vísar til 12 að 18 mánaða.



Aldursdreifing biðlistans í mánuðum

